



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1146
komudagur 10. 3. 2009

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
10. mars 2009

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 5. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 244. mál, og frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál.

Í báðum ofangreindum frumvörpum eru lagðar til breytingar á lögum um bókhald og lögum um ársreikninga sem leiða af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur.

Ríkisendurskoðun leggur til að við 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins til laga um bókhald nr. 145/1994 bætist svohljóðandi málsliður: „Skoðunarmaður getur í áritun sinni á ársreikning vakið athygli á verulegum frávikum eða öðrum atriðum sem ekki koma nægilega skýrt fram í ársreikningi.“

Að öðru leyti hefur Ríkisendurskoðun ekki fram að færa athugasemdir við ofangreind frumvörp.

Einnis Þorsson

Ólafur Örn